



## Vellíðan án tóbaks, áfengis og annarra vímuefna

1. Stefnumótun sveitafélagsins
2. Vinnustaðir á vegum sveitarfélagsins
3. Skipulagt íþrótt- og æskulýðsstarf
4. Samstarf sveitafélagsins og lögreglu um tóbaks-, áfengis- og vímuvarnir
5. Eldri borgarar

Vellíðan án tóbaks, áfengis og annarra vímuefna	Núverandi staða				
	1	2	3	4	5
<b>Viðmið 1 - Stefnumótun sveitafélagsins</b>					
1.1. Sveitarfélagið hefur sett sér stefnu um tóbak*. *Hér er átt við allt tóbak og rafrettur.					
1.2. Aðgerðaáætlun fylgir stefnu um tóbak, ábyrgðaraðili fyrir heildarinnleiðingunni er tilgreindur sem og ábyrgðaraðilar fyrir einstaka aðgerðum.					
1.3. Sveitarfélagið hefur sett sér stefnu um áfengi og önnur vímuefni.					
1.4. Aðgerðaáætlun fylgir stefnu um áfengi og önnur vímuefni og ábyrgðaraðili fyrir heildarinnleiðingunni er tilgreindur sem og ábyrgðaraðilar fyrir einstaka aðgerðum.					
1.5. Fagfólk kemur að gerð og innleiðingu stefna og aðgerðaráætlana á sviði tóbaks, áfengis og annarra vímuefna.					
1.6. Niðurstöður kannana eru nýttar við mat á þörfum fyrir aðgerðir og gerðar aðgengilegar íbúum.					
1.7. Stefnur og aðgerðaáætlanir eru sýnilegar á vefsíðu sveitarfélagsins og kynntar reglulega fyrir íbúum.					
1.8. Sérstaklega er sett fram áætlun um takmarkað aðgengi að áfengi.					
1.9. Sérstaklega eru skilgreind viðmið um takmörkun á fjölda rekstrar- og vínveitingaleyfa.					
1.10. Sérstaklega eru skilgreind viðmið um takmörkun á fjölda tóbakssöluleyfa. Ítartexti: Sbr. 8. gr Tóbaksvarnarlaga þarf sérstakt leyfi heilbrigðisnefndar á viðkomandi eftirlitssvæði til að selja tóbak í smásölu.					
1.11. Vinnuferlar eru til staðar um eftirlit með sölu tóbaks. Neytendastofa hefur eftirlit með sölu á rafrettum.					
1.12. Sveitarfélagið fylgir því reglulega eftir að smásöluaðilar fari eftir lögum og reglum um sölu tóbaks.					

<p>Ítartil: Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga sinnir eftirliti með sölu tóbaks. Hér er m.a. átt við að söluaðilar fylgi eftir lögum um aldursmörk og starfsfólk fái fræðslu um ákvæði tóbaksvarnarlaganna hvað varðar ábyrgð og skyldur tóbakssöluaðila.</p>					
<b>1.13. Sveitarfélagið hefur skilgreint viðbrögð við endurteknum brotum á tóbaksvarnarlögum.</b>					
<b>1.14. Reglulega eru haldnir samráðsfundir með lykilaðilum í forvörnum.</b>					
<b>1.15. Fyrirliggjandi er framkvæmdaáætlun vegna bæjarhátíða þar sem lykilaðilar eru skilgreindir.</b>					
<p><b>1.16. Sveitarfélagið í samstarfi við sýslumann bjóða upp á námskeið fyrir starfsfólk veitingahúsa um ábyrgða áfengissölu.</b></p> <p>Ítartil: Samkvæmt lögum nær veitingahús y r matsöluastaði, bari og skemmtistaði. Sérstaklega er mikilvægt að starfsfólk skemmtistaða og bara sæki þessi námskeið.</p>					
<p><b>1.17. Sveitarfélagið gerir kröfu um að starfsfólk veitingahúsa sæki námskeið um ábyrgða áfengissölu.</b></p> <p>Ítartil: Slík námskeið eru sérstaklega mikilvægt fyrir starfsfólk skemmtistaða og bara.</p>					
<p><b>1.18. Samstarfssamningar eru til staðar milli sveitarfélags, lögreglu og veitingamanna um að tryggja öruggt skemmtanalíf.</b></p> <p>Ítartil: Í samningum komi fram m.a. ákvæði um beint aðgengi að lögreglu með síma eða með talstöðvum og verklag við beiðni um aðstoð lögreglu.</p>					
<p><b>1.19. Sveitarfélagið gerir kröfu um að leigusalar sem leigja út sali eða aðstöðu hafi stefnu um notkun tóbaks, áfengis og annarra vímuefna.</b></p> <p>Leitast er við að leigja sali eða aðstöðu fyrir ungmenni þar sem ekki er venjulega selt áfengi.</p>					
<b>1.20. Sveitarfélagið styður almenna vinnustaði í undirbúningi og framkvæmd stefnu um tóbak, áfengi og önnur vímuefni.</b>					
<b>1.21. Sveitarfélagið hefur skilgreint sérstök reyklaus útisvæði fyrir almenning.</b>					
<b>Viðmið 2 - Vinnustaðir á vegum sveitarfélagsins</b>					
<p><b>2.1. Stofnanir sveitarfélagsins eru með stefnu og aðgerðaáætlun um notkun tóbaks*, áfengis eða annarra vímuefna meðal starfsmanna og íbúa sem nýta sér þjónustu viðkomandi stofnana og aðila** sem sveitarfélagið er með samninga við.</b></p> <p>Hér er átt við allt tóbak og rafrettur. **Hér er t.d. átt við skóla, frístundaheimili, félagsmiðstöðvar, vinnustaði, hjúkrunarheimili, klúbba og starfsemi í íþróttamannvirkjum.</p>					
<b>2.2. Stofnanir sveitarfélagsins hafa viðbragðsáætlun um hvernig bregðast skuli við vegna gruns um neyslutengd vandamál.</b>					
<b>2.3. Stefnan og aðgerðaáætlunin er öllum aðgengileg.</b>					

2.4. Stefnan og aðgerðaáætlunin er kynnt fyrir stjórnendum og starfsfólki vinnustaða.					
2.5. Stefnan er reglulega til endurskoðunar.					
2.6. Sveitarfélagið gefur ekki áfengi í tækifæris- eða jólagjafir.					
2.7. Sveitarfélagið býður ekki upp á áfengi á fundum eða viðburðum á vegum sveitarfélagsins.					
2.8. Sveitarfélagið hefur innleitt reyklausan vinnutíma. Reyklaus vinnutími felur í sér að reykingar eru ekki leyfilegar á vinnutíma.					
2.9. Starfsfólki stendur til boða að fara í áfengis- og vímuefna meðferð og að snúa aftur til vinnu að meðferð lokinni.					
2.10. Í boði er aðstoð fyrir starfsfólk sem vill hætta að nota tóbak. Ítartexti: Starfsfólki bjóðist t.d. styrkir til að sækja námskeið til að hætta að nota tóbak eða niðurgreiða nikótínlyf.					
2.11. Bannað er að nota rafrettur á sömu svæðum og bannað er að reykja.					
2.12. Bann er við notkun munntóbaks á sömu svæðum og bannað er að reykja.					
2.13. Sveitarfélagið hvetur skóla til að setja sér stefnu um notkun tóbaks*, áfengis, og annarra vímuefna. Ítartexti: *Hér er átt við allt tóbak og rafrettur.					
2.14. Sveitarfélagið/skólayfirvöld veita skipulega fræðslu um áfengi, önnur vímuefni og tóbak í grunnskólum. Ítartexti: Sjá nánar m.a. í gátlistum Heilsueflandi grunnskóla.					
<b>Viðmið 3 - Skipulagt íþróttá- og æskulýðsstarf</b>					
3.1. Fyrirliggjandi er stefna um notkun tóbaks*, rafretta, áfengis og annarra vímuefna í íþróttá- og æskulýðsstarf og öðru tómstundastarfi barna og ungmenna sem styrkt er af sveitarfélaginu. *Hér er átt við allt tóbak og rafrettur.					
3.2. Óheimilt er að selja tóbak* og áfengi í húsakynnum íþróttafélaga. *Hér er átt við allt tóbak og rafrettur.					
3.3. Skilgreindur er starfandi ábyrgðaraðili fyrir innleiðingu stefnunnar.					
3.4. Stefnan er kynnt reglulega fyrir þátttakendum og foreldrum þeirra.					
3.5. Stefnan er reglulega kynnt leiðbeinendum og öðru starfsfólki.					
<b>Viðmið 4 - Samstarf sveitafélagsins og lögreglu um tóbaks-, áfengis- og vímuvarnir</b>					
4.1. Fyrir liggur stefna um fjölda rekstraleyfa fyrir skemmtistaði með vinnveitingaleyfin. Ítartexti: Sýslumaður gefur út rekstraraleyfin.					
4.2. Skilgreindir eru vinnuferlar um framkvæmd við eftirlit og heimsóknir á skemmtistaði, án þess að lögregla hafi verið kölluð sérstaklega til.					

4.3. Áætlun um viðbrögð vegna ölvunardrykkju ungmenna undir áfengiskaupaaldri er til staðar.					
4.4. Skilgreindir verkferlar um tiltæk úrræði, t.d. tímabundna sviptingu skemmtanaleyfis þegar um er að ræða endurtekin brot á áfengislögum s.s. vegna veru ungmenna undir aldri á skemmtistöðum, er til staðar.					
4.5. Áætlun um tilviljanakennt eftirlit með ölvunarakstri er til staðar.					
4.6. Áætlun um færniþjálfun starfsfólks skemmtistaða er til staðar.					
<b>Viðmið 5 - Eldri borgarar</b>					
5.1. Fyrirliggjandi eru ákvæði um tóbaks-, áfengis- og vímuvarnir í verkferlum vegna heimahjúkrunar og hjá stofnunum þar sem aldraðir dvelja.					
5.2. Fagfólk kemur að gerð og innleiðingu aðgerðaráætlunar stefnunnar.					
5.3. Eldra fólk, ættingjar og starfsfólk fær kynningu á stefnu og framkvæmdaáætlun í áfengismálum og hvortveggja er aðgengilegt.					
5.4. Starfsfólk í heimaþjónustu fær upplýsingar og fræðslu um áhrif áfengis á lyf og virkni þeirra.					
5.5. Umönnunaraðilar eldri borgara greina á kerfisbundinn hátt, einkenni um að skjólstæðingarnir séu að þróa með sér vandamál vegna neyslu áfengis, annarra vímuefna eða lyfja.					
5.6. Starfsmenn, sem vinna með eldri borgurum í sveitarfélaginu, upplýsa um meðferðarúrræði vegna misnotkunar áfengis og annarra vímuefna.					